

Til stjórnar FV.

Efni; Verklags- og úthlutunarreglur við úthlutun styrkja úr Uppbyggingarsjóði Vestfjarða 2019

1. Tilgangur

Tilgangur Uppbyggingarsjóðs er að styrkja menningar-, atvinnu- og nýsköpunarverkefni á Vestfjörðum.

2. Samkeppnissjóður

Uppbyggingarsjóður er samkeppnissjóður þar sem fagmennska og gæði verkefna og umsókna eru lögð til grundvallar við úthlutun. Umsóknir eru metnar út frá markmiðum og áherslum sem fram koma í Sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019, samningi um Sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019 sem undirritaður var 10. febrúar 2015 og skilyrðum sem birtast í þessum reglum.

3. Úthlutunarnefnd:

Haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga kýs 9 manna úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs. Hlutverk nefndarinnar er að fara yfir umsóknir og velja þau verkefni sem styrkt verða á grundvelli faglegs mats. Niðurstaða úthlutunarnefndar er lögð fyrir stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga til kynningar áður en til úthlutunar kemur. Þeir sem sitja í úthlutunarnefnd skulu gæta að hæfisreglum við ákvarðanatöku og víkja sæti ef fyrirliggjandi aðstæður eru til þess fallnar að draga úr trú á óhlutdrægni við val á verkefnum. Við mat á vanhæfi skal hafa til hliðsjónar ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og 20 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

4. Umsækjendur

Umsækjendur skulu vera lögráða einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki, stofnanir eða sveitarfélög á Vestfjörðum. Umsækjendur skulu hafa íslenska kennitölu. Heimilt er að styrkja verkefni sem framkvæmd eru í fjórðungnum og unnin að hluta eða öllu leyti í samvinnu við vestfirska aðila, þótt aðalumsækjandi sé búsettur utan svæðis. Stofnanir, opinber hlutafélög og samtök í meirihlutaeigu ríkis eða sveitarfélaga skulu að jafnaði ekki vera leiðandi aðili í verkefnum styrktum af Uppbyggingarsjóði. Umsækjendur um stofn- og rekstrarstyrki til menningarstofnana skulu vera lögaðilar.

5. Framkvæmd

Starfsmenn Vestfjarðastofu, í umboði stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga til Vestfjarðastofu ses, sjá um að auglýsa eftir umsóknum. Þeir taka við umsóknum og ganga frá þeim í hendur úthlutunarnefndar. Að úthlutun lokinni sjá þeir um samskipti við styrkþega, s.s. gerð samninga, útborgun styrkja og eftirfylgni.

6. Auglýsing

- a) Á árinu 2019 verður ein aðalúthlutun, með umsóknarfresti til og með 12. nóvember 2018.
- b) Auglýsa skal eftir umsóknum um styrki á vef Vestfjarðastofu og í vestfirskum vefmiðlum, auk þess sem auglýst verði með dreifibréfi inn á heimili og fyrirtæki á Vestfjörðum.

7. Umsóknir

Umsóknum skal skila á rafrænu formi á vef Sóknaráætlunar, www.soknaratlung.is. Í umsókninni skal vera greinargóð lýsing á verkefninu og markmiðum þess, verk- og tímaáætlun, ítarleg fjárhagsáætlun (kostnaðar- og tekjuáætlun) og upplýsingar um umsækjendur. Umsækjendur þurfa að hafa skilað loka- eða framvinduskýrslum vegna fyrri styrkja, áður en sótt er um til framhaldsverkefnis.

Yfirlýsing umsækjanda um að hann hafi ekki fengið og muni ekki þiggja meira en 200 þúsund evrur í stuðning frá opinberum aðilum yfir hvert þriggja ára tímabil þarf að fylgja umsókn, samanber 3 gr. reglugerðar framkvæmdastjórnar ESB nr. 1407/2013 frá 18. desember 2013.

8. Áherslur

Að jafnaði er litið til verkefna sem efla nýsköpun og atvinnuþróun á svæðinu, stuðla að vöru- og gæðapróun í starfandi fyrirtækjum, verkefni sem mynda atvinnutækifæri og auka fagmennsku á sviði lista og menningar, verkefni sem styðja við uppbyggingu og eflingu menningartengdrar ferðaþjónustu og síðast en ekki síst verkefni sem eru gjaldeyrisskapandi.

Við úthlutun 2019 er litið sérstaklega til umsókna um styrki er varða:

- a) Verkefni sem stuðla að búsetu ungs fólks á Vestfjörðum.
- b) Verkefni sem efla samstarf á milli svæða á Vestfjörðum.

9. Styrkir

a) Uppbyggingarsjóður er samkeppnissjóður sem Vestfjarðastofa hefur umsjón með samkvæmt umboði Fjórðungssambands Vestfirðinga. Umsóknum um styrki þarf að skila á rafrænu formi og eru þær metnar með faglegum hætti út frá trúverðugleika og gæðum umsókna og verkefna, afrakstri þeirra og þeim áhrifum sem þau hafa á atvinnuþróun, nýsköpun, mannauð, menningar- og mannlíf í fjórðungnum.

b) Heimilt er að sækja um framlag til allt að þriggja ára, enda sé styrkupp hæð hærri en 1,5 milljón kr. árlega. Styrkjum til lengri tíma en eins árs verður úthlutað með fyrirvara um að Sóknaráætlun verði framlengd eftir árið 2019.

c) Styrkir úr Uppbyggingarsjóði þurfa að falla að markmiðum Sóknaráætlunar Vestfjarða 2015-2019. Þeir eru þrennskonar: Verkefnastyrkir til atvinnuþróunar og nýsköpunar, verkefnastyrkir á sviði menningar og stofn- og rekstrarstyrkir til menningarstofnana

- d) Styrkir úr Uppbyggingarsjóði geta numið allt að 50% af áætluðum heildarkostnaði verkefnisins.
- e) Birtur verður opinberlega listi yfir styrkþega og styrkuppþæð, heiti verkefnis og stutt lýsing á því.

10. Samningur

Vestfjarðastofa í umboði Fjórðungssambands Vestfirðinga og styrkþegi gera með sér skriflegan samning sem m.a. kveður á um fyrirkomulag greiðslna, réttindi og skyldur aðila, tímaramma, skil á skýrslum og eftirfylgni. Að öðru leyti ber styrkþega að veita Vestfjarðastofu upplýsingar um framkvæmd verkefnisins og aðgang að bókhaldsgögnum þegar og ef eftir því er leitað.

11. Greiðslur styrkja

Styrkir sem eru 1,5 milljón króna eða lægri:

a) Greiða má styrkinn í tvennu lagi. Fyrri hlutinn, allt að 50%, er greiddur við upphaf verkefnis þegar styrkhafi hefur staðfest að vinnan sé hafin. Lokagreiðsla fer fram þegar verkefni er lokið, styrkhafi hefur skilað fullnægjandi lokaskýrslu ásamt umbeðnum gögnum og lokaskýrsla verið samþykkt.

Styrkir sem eru hærrí en 1,5 milljón króna:

Styrkir til eins árs

b) Þegar styrkhafi hefur staðfest að verkefni sé hafið greiðast 40% sammingsuppþæðar. Næstu 40% styrkuppþæðar greiðast við skil á framvinduskýrslu. Síðustu 20% greiðast þegar styrkhafi hefur skilað fullnægjandi lokaskýrslu að verkefni loknu.

Styrkir til tveggja ára

c) Fyrri ár: Þegar styrkhafi hefur staðfest að verkefni sé hafið greiðast 40% sammingsuppþæðar. Næstu 40% styrkuppþæðar greiðast við skil á framvinduskýrslu. Síðustu 20% greiðast ásamt fyrstu greiðslu seinna árs.

Seinna ár: Fyrstu 40% seinna árs greiðast þegar styrkhafi hefur skilað skýrslu um framvindu verkefnis á árinu. Önnur greiðsla, næstu 40% af greiðslu seinna árs, greiðast eftir skil á ársreikningi fyrri árs ef við á. Lokagreiðsla seinna árs, 20% greiðast við skil á lokaskýrslu. Henni skal skilað eigi síðar en 15. febrúar næsta árs.

Styrkir til þriggja ára

d) Fyrsta ár: Þegar styrkhafi hefur staðfest að verkefni sé hafið greiðast 40% sammingsuppþæðar. Næstu 40% styrkuppþæðar greiðast við skil á framvinduskýrslu. Síðustu 20% greiðast ásamt fyrstu greiðslu annars árs.

Annað ár: Fyrstu 40% annars árs greiðast þegar styrkhafi hefur skilað skýrslu um framvindu verkefnis á árinu. Önnur greiðsla, næstu 40% af greiðslu annars árs, greiðast eftir skil á ársreikningi fyrsta árs (ef við á). Síðustu 20% greiðast ásamt fyrstu greiðslu þriðja árs.

Þriðja ár: Fyrstu 40% þriðja árs greiðast þegar styrkhafi hefur skilað skýrslu um framvindu verkefnisins á árinu. Önnur greiðsla, næstu 40% af greiðslu þriðja árs, greiðast eftir skil á ársreikningi annars árs (ef við á). Lokagreiðsla, 20%, greiðast við skil á lokaskýrslu. Henni skal skilað eigi síðar en 15. febrúar næsta árs.

e) Ef ekkert verður af verkefni sem fær styrkvilyrði fellur styrkurinn frá Uppbyggingarsjóði niður. Verði verulegar breytingar á verkefni þarf að sækja um frest skriflega til Uppbyggingarsjóðs, ella er styrkurinn afturkræfur að hluta eða öllu leyti.

f) Miðað er við að verkefni sem Uppbyggingarsjóður styrki komi til framkvæmda innan árs frá úthlutun, nema um styrk til tveggja ára sé að ræða, þá sé því lokið innan tveggja ára frá úthlutun. Skila þarf framvinduskýrslu og formlegri beiðni um frestun ef óskað er eftir að sá tímarammi sé lengdur. Að öðrum kosti má styrkþegi búast við að styrkur verði felldur niður.

g) Samningar og greiðslur miðast við almanaksár. Í öllum tilfellum er heimilt að sameina greiðslur hafi skilyrðum beggja greiðslna verið fullnægt.

12. Styrkhæf verkefni og styrkhæfur kostnaður

Eftirfarandi reglur gilda um styrkhæfan kostnað í framlögum Uppbyggingarsjóðs:

- Launakostnaður umsækjenda skal miðast við útborguð laun að viðbættum launatengdum gjöldum samkvæmt almennum kjarasamningum. Ekki er heimilt að nota útseldan taxa til viðmiðunar við útreikning launakostnaðar í umsóknum. Hámarkstímakaup í útreikningi eigin vinnuframlags skal þannig vera 3.500 kr/klst.
- Ekki er veittur styrkur vegna kostnaðar sem fallið hefur til fyrir 1. janúar 2019 vegna þeirra verkefna eða starfsemi sem sótt er um styrki til á árinu 2019.

13. Uppbyggingarsjóður fjármagnar ekki:

- Fjárfestingar í fyrirtækjum, kaup á lóðum eða húsnæði
- Ekki er veittur styrkur til að kaupa tölvur eða almennan skrifstofubúnað, nema um stofn- og rekstrarstyrk sé að ræða.
- Ekki eru veittir styrkir til skráningar menningarminja, forvörslu safngripa, hefðbundinna bæjarhátíða, hefðbundinnar starfsemi íþróttafélaga, hefðbundins safnaðarstarfs eða hefðbundins menningarstarfs innan skóla.
- Ekki eru veittir styrkir sem eingöngu renna til rannsóknarverkefna, frekar er litið til verkefna sem snúast um hagnýtingu rannsóknarniðurstaðna eða miðlunar á afrakstri rannsókna.

14. *Ábyrgð*

Umsækjandi ábyrgist að fullnægjandi leyfi séu fyrir framkvæmd verkefnisins og notkun heimilda ef þarf og ber ábyrgð á öllum þáttum verkefnisins, framkvæmd þess og afrakstri.

15. *Trúnaður*

Umsækjendum er heitið trúnaði varðandi umsóknir þeirra.

16. *Endurskoðun:*

Verklags- og úthlutunarreglur þessar skal endurskoða árlega, áður en auglýst er að nýju eftir styrkumsóknum til Uppbyggingarsjóðs.

Þannig samþykkt á fundi stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga þann 1. október 2018.